

Söfnun á rúlluplasti í Dalabyggð 2011

Farnar verða fjórar söfnunarferðir um sveitarfélagið á árinu 2011, **24.-25. janúar, 18.-19. apríl, 11.-12. júlí og 3.-4. október** 2011. Söfnun er lögþýliseigendum að kostnaðarlausu.

Þeir bændur sem vilja nota þessa þjónustu, sama hvort þeir hafi verið með áður eða ekki, þurfa að tilkynna það fyrir 20. Janúar 2011. Hægt er að sækja um rafrænt á vef Dalabyggðar eða fylla út umsókn hér að neðan og koma á skrifstofu Dalabyggðar.

Plastið skal haft á aðgengilegum stað og snyrtilega frágengið fyrir sorpverktaka. Baggabönd skal setja sér í glæra plastpoka.

Óheimilt er að setja rúlluplast í sorpgáma á grenndarstöðvum sveitarfélagsins. Opin brennsla úrgangs er óheimil þ.m.t. rúlluplasts skv. lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 737/2003.

Nánari upplýsingar gefur Viðar í síma 894 0013

Ég undirritaður/undirrituð æski þátttöku í söfnun á rúlluplasti.

24. - 25. janúar 2011	_____	merkið við með X
18. - 19. apríl 2011	_____	merkið við með X
11. - 12. júlí 2011	_____	merkið við með X
3. - 4. október 2011	_____	merkið við með X

Dagsetning

Nafn

Heimilisfang

Símar



Dalapósturinn

1. tölublað 2011

Dalabyggð – Íbúafing

Sveitarstjórn Dalabyggðar boðar til íbúafings í Dalabúð laugardaginn 15. janúar 2011, kl. 10:30 – 14:00.

Tilgangur íbúafings er að fá fram sjónarmið íbúa og upplýsingar sem nýtast sveitarstjórn við að móta stefnumál sín og viðfangsefni á kjörtímabilinu.

Íbúar Dalabyggðar eru hvattir til að mæta á íbúafingið, ungir sem aldnir, konur sem karlar.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Íbúaping í Dalabyggð 15. janúar 2011

Sveitarstjórn vinnur að því að móta stefnuskrá til næstu fjögurra ára þar sem settar eru fram áherslur í starfsemi, rekstri og framkvæmdum sveitarfélagsins.

Tilgangur íbúapings er að fá fram sjónarmið íbúa og upplýsingar til að nýta við mótun stefnu sveitarfélagsins og fá þannig fram afstöðu íbúa til þeirra lífsgæða og gilda sem þeim finnst að eigi að standa vörð um í forgangsröðun sveitarstjórnar.

Leitað verður eftir ábendingum og hugmyndum varðandi mismunandi viðfangsefni. Bæði hvað sveitarstjórn getur gert á kjörtímabilinu og einnig hvað við íbúarnir getum gert.

Fundinum verður markvisst hagað þannig að allir geti tekið þátt með auðveldum hætti og sjónarmið allra komi fram. Boðið verður upp á léttan hádegisverð.

Frekari upplýsingar um fundinn eru á vefslóðinni <http://dalabyggd.alta.is> og hjá Sveini Pálssyni sveitarstjóri, sveitarstjori@dalir.is, sími 430 4700.

Íbúar Dalabyggðar, ungir sem aldnir, karlar sem konur eru hvattir til að mæta á íbúapingið og leggja þannig sitt að mörkum að góðu samfélagi á okkar eigin forsendum.

Tómstundir í Dalabyggð janúar-maí 2011

Fjórða útgáfa af tómstundabæklingnum er komin út og er að þessu sinni eingöngu gefinn út á netinu.

Framboð fyrir yngri kynslóðina er í fyrri hlutanum og síðan tekur við framboð fyrir eldri kynslóðina.

Þeir sem vilja auglýsa í tómstundabæklingnum sem kemur út tvisvar á ári eru beðnir um að hafa samband við Svölu Svavarsdóttur. Hægt er að láta skrá sig á netfangalista sem sent er á þegar byrjað er að safna saman tómstundastarfi fyrir hverja önn.

Húsaleigubætur fyrir árið 2011

Vakin er athygli á að sækja þarf um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gildir umsókn til áramóta. Allir bótaþegar þurfa því að endurnýja umsóknir sínar og fylgigögn í byrjun hvers árs.

Umsókn um húsaleigubætur skal hafa borist skrifstofu sveitarfélagsins eigi síðar en 16. dag fyrsta greiðslumánaðar. Berist umsókn síðar verða húsaleigubætur ekki greiddar vegna þess mánaðar.

Einnig er vakin athygli á að bótaþegi skal tilkynna þegar í stað um hverjar þær breytingar á högum sínum og heimilisaðstæðum og öðrum þeim atriðum sem áhrif geta haft á rétt hans til húsaleigubóta og á bótafjárhæð. Námsmenn þurfa þannig í mörgum tilfellum einnig að endurnýja umsóknir sínar að hausti og framvísa vottorði um námsvist og nýjum húsaleigusamningi.

Umsóknareyðublöð og upplýsingabæklingur vegna húsaleigubóta liggja frammi á skrifstofu og á vef Dalabyggðar. Á vef Velferðarráðuneytisins má finna reiknivél fyrir húsaleigubætur.